

47

27. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Keflavík, nr. 89 24. marz 1947.

1. gr.

Öll gjöld og leiga samkv. 1., 2., 3. og 7. lið gjaldskrárinnar skulu framvegis hækka um 75% fyrir flugvélar í millilandaflugi.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febrúar 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1950.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.

48

27. apríl

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir flugvöllinn í Reykjavík og flughöfnina í Skerjafirði, nr. 123 14. september 1946.

1. gr.

Öll gjöld samkvæmt 1. og 7. lið gjaldskrárinnar skulu framvegis hækka um 75% fyrir flugvélar í millilandaflugi.

2. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Gjaldskrárbreyting þessi er hér með sett samkvæmt 7. gr. laga nr. 24 12. febr. 1945, um flugvelli og landingarstaði fyrir flugvélar, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 27. apríl 1950.

Björn Ólafsson.

Páll Pálmason.